



Skýrsla sveitarstjóra
kynnt á sveitastjórnarfundi
nr. 262 dags:
13.nóvember 2025



- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 670 íbúar samkvæmt Íbúasýn/Þjóðskrá mv. 2. nóvember sl. og eru því ögn fleiri en í byrjun október en þá voru skráðir í Íbúasýn/Þjóðskrá 664 íbúar.
- Vinna við fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2026 til 2029 hefur tekið sitt rými undanfarnar vikur og hefur gengið í öllum meginatriðum vel og var afgreidd hér fyrr á fundinum til seinni umræðu í sveitarstjórn. Ég vil þakka öllum þeim sem komið hafa að þessari mikilvægu vinnu í meira eða minna mæli kærlega fyrir þeirra þátt, kjörnum fulltrúum sem og samstarfsfólki mínu – fjárhagsáætlun er mikilvægasta stjórnþæki hverrar rekstrareiningar hverju sinni og mikilvægt að vandað sé til verka og er það mitt mat að afurðin nú beri þess merki líkt og undanfarin ár. Seinni umræða um fjárhagsáætlun verður haldin 12. desember en fyrir þann fund, eða í fyrstu viku desember er stefnt að því að bjóða upp á kynningarfundir og kaffispjall í aðstöðu Nýsköpunarsetursins okkar á jarðhæð Stjórnsýsluhússins í Búðardal, nánari tímasetningar verða kynntar þegar nær dregur.



- Niðurstaða í útboði vegna úrgangspjónustu fyrir Dalabyggð var kunngjörð í seinni hluta októbermánaðar og var það Íslenska Gámafélagið ehf. sem bauð lægst af þeim þremur aðilum sem í verkið buðu. Ekki er um neina teljandi breytingu á verðum að ræða þannig að gjaldskrá komandi árs varðandi úrgangspjónustuna munu algerlega taka mið af því og hækkun þeirrar gjaldskrár verður 3,8% líkt og gildir um aðrar gjaldskrár sem ekki eru beint tengdar við vísitölupróun.



Skrifstofa Dalabyggð tók þátt í Starfamessu í Borgarnesi þriðjudaginn 14. október sl.

Starfamessa er viðburður þar sem fyrirtæki, stofnanir og menntastofnanir kynna störf, starfsgreinar og menntunartækifæri fyrir nemendum grunn- og framhaldsskóla og öðrum áhugasömum. Slíkar messur hafa verið vinsælar þar sem þátttakendur geta kynnt sér framtíðarmöguleika betur, bæði varðandi nám og störf. Fyrirtæki og stofnanir nota messuna til að kynna starfsemi sína og krækja sér í „framtíðar“ starfsfólk.

Starfamessa 2025 er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands 2025. Markmið með Starfamessu eru m.a. að kynna fjölbreytt náms- og atvinnutækifæri á Vesturlandi, að skapa beint samtal milli nemenda og atvinnulífsins og auka þannig meðvitund um hvaða menntun og færni skiptir máli í framtíðarstörfum – með það að leiðarljósi að kveikja áhuga og varpa ljósi á möguleika framtíðarinnar.

Við sem vorum á staðnum f.h. Dalabyggðar kynntum starfsemi sveitarfélagsins, Nýsköpunarsetrið, frumkvöðlaverkefni DalaAuðs ásamt möguleikum til búsetu, starfa og menntunar í Dölum. Þá voru vörur frá matvælaframleiðendum til sýnis og boðið upp á smakk frá MS.



- Nú nálgast óðfluga verklok framkvæmda við íþróttamannvirkin okkar. Búið er að vinna fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár, auglýsa laus störf og er nú unnið úr innkomnum umsóknum mönnun, búið að ákveða opnunartíma mannvirkisins og í raun allt í gangi við upphaf þessa mikilvæga reksturs. Rekstur íþróttamiðstöðvarinnar mun taka til sín á komandi árum en það er sannfæring mín að tilkoma þessarar einingar mun verða gríðar jákvæð fyrir samfélagið okkar hér í Döllum.



- Smásöluverslun í Dalabyggð hefur verið umræðuefni um all langt skeið enda óásættanleg staðan hvað varðar verðlagningu og að einhverju leiti vöruval í núverandi verslun. Undirritaður hefur átt mörg samtöl við ýmsa talsmenn smásöluverslana og á þar síðasta fund byggðarráðs kom fulltrúi nýrra eigenda/stjórnenda Samkaupa á fundinn til skrafs og ráðagerða. Undirritaður á fund með forstjóra Samkaupa á allra næstu dögum til að ræða stöðu smásöluverslunar hér í Dölum. Einnig hefur verið rætt við yfirmenn Krónunnar um stöðuna í Dölum og nú nýverið var farið að afgreiða pantanir úr netverslun þeirrar verslunar hingað í Dali og veit ég að það voru margir sem notfærðu sér þann möguleika. Lykilatriðið er samt sem áður að við fáum til okkar í Dali verslun sem býður upp á ásættanlegt vöruframboð á ásættanlegu verði og að því verður áfram unnið, hvort sem er með núverandi rekstraraðilum eða þá með því að hvetja nýja aðila til að koma til okkar í Dali því möguleikarnir eru miklir, bæði gagnvart heimafólki sem og okkar góðu nágrönnum sem eru í sömu stöðu og íbúar í Dölum varðandi verð og vöruframboð.



Leigufélagið Bríet hefur nú sótt um aðra lóð á Borgarbraut í Búðardal þannig að þar með er félagið komið með heimild til að koma upp fjórum íbúðum við götuna. Samkvæmt samskiptum mínum við framkvæmdastjóra félagsins ættu tvær hinar fyrri, við Borgarbraut 2, að komast í útleigu fyrir jól og veiti ekki af, það eru allar íbúðir hér í Dölum umsetnar.



Barnamenningarhátíð hér í Dölum er nú að renna sitt skeið. Hátíðin og dagskrárliðir hennar hafa verið hver öðrum flottari og vil ég þakka öllum þeim sem lagt hafa hátíðinni lið fyrir þeirra þátt og eins þeim ungmennum og forráðamönnum sem sótt hafa hátíðina. Við getum verið stolt hér í Dölum hvernig til hefur tekist.



- Héraðsbókasafnið okkar stóð fyrir lestrarátaki yfir sumarið í fjórða sinn. Gefin voru út þrjú bingó-spjöld fyrir mismunandi aldur þ.e. 5-7 ára, 8-9 ára og 10-12 ára. Þátttakendur sóttu spjöldin á bókasafnið fyrir sumarlokun en á hverju spjaldi voru nokkrir reitir sem lýstu aðstæðum eða athöfn sem átti að framkvæma á meðan lestri stóð. Fimmtudaginn 23. október sl. var þátttakendum boðið að mæta á bókasafnið og fengu gjafir fyrir að hafa lokið bingóinu. Það voru 8 börn sem tóku þátt í ár og er þeim þakkað fyrir, sem og þeim foreldrum sem sýndu gott fordæmi með því að taka líka þátt í bingóinu. Lestur er og verður okkur öllum mikilvægur og vil ég hér vekja athygli á að nú sem fyrr eru að detta í hús nýjar bækur þannig að segja má með sannri að við tökum þátt í að miðla jólabókarflóðinu til íbúa í Dölum.



- Á heimasíðu Dalabyggðar er nú auglýst laust starf vegna umsjón með hátíðarhöldum í Dalabyggð á komandi ári, bæði bæjarhátíð í Búðardal sem og umsjón með 17. Júní hátíðarhöldum. Ég hvet áhugasama til að kynna sér þetta spennandi verkefni hér í eftirfarandi slóð á heimasíðu Dalabyggðar: <https://dalir.is/frettir/laust-starf-verkefnastjori-hatidarhalda-i-dalabyggd-2026/>

- Samtal við HVE vegna samstarfs í tengslum við „Gott að eldast“ verkefnið er í gangi og í tengslum við það er verið að flikka upp á herbergi í Silfurtúni þar sem í bígerð er að bjóða upp á þjónustuíbúðir á næstunni. Um er að ræða líklegast tvö rými sem geta þá nýst eldri borgurum sem búa utan Búðardals – nánar verður þetta verkefni kynnt þegar samningur hefur verið gerður með formlegum hætti.



- Haustþing SSV var haldið þann 29. október sl. á Akranesi og sat undirritaður í pallborði þar sem til umræðu var grunn þema þingsins sem var yfirskriftina „Aðdráttarafl og byggðabragur sveitarfélaga“. Það var gaman að taka þátt í samtalinu við bæði þá sem með mér voru í pallborði og eins aðra fulltrúa sveitarfélaganna á Vesturlandi. Við höfum sögu að segja af okkar vinnu undanfarin misseri í þessa veru hér í Döllum.
- Húsnæðisáætlun Dalabyggðar var samþykkt hér fyrir á fundinum og vil ég þakka þeim sem að þeirri vinnu komu, Húsnæðisáætlun er mikilvægt plagg sem við getum notað í samtali okkar við stjórnvöld varðandi innviðauppbýggingu af ýmsum toga.



- Eins og kunnugt er þá hefur atvinnumálanefnd Dalabyggðar unnið innviðaaáætlun fyrir sveitarfélagið sem staðfest var á síðasta sveitarstjórnarfund. Áætlunin byggir á áður útgefnum og uppfærðum skýrslum um forgangsröðun vegaframkvæmda og fjarskipta í Dalabyggð ásamt viðbættum upplýsingum um raforku og hitaveitu. Markmiðið er að taka saman stöðu og setja fram raunhæfar áætlanir og áherslur um innviðamál í Dalabyggð í lifandi skjali sem uppfærist eftir því sem málum vindur fram og/eða áherslur taka breytingum. Kaflarnir fjalla þannig um vegamál, fjarskiptamál, raforku og húshitun. Áætlunin hefur þegar verið send á þingmenn kjördæmisins, stofnanir sem að málaflokkunum koma og aðra sem vinna með okkur að sameiginlegum hagsmunum Dalanna. Vonandi verður tekið tillit til okkar ábendinga við gerð nýrrar Samgönguáætlunar til næstu ára.



Bændasamtökin, stjórn og starfsmenn, stóðu fyrir fundi á Laugum þriðjudagskvöldið 11.nóvember sl. þar sem formaður stjórnar, varaformaður og framkvæmdastjóri mættu til samtals við bændur hér í Dölum og nágretta héraðum. Mjög góð mæting var á fundinn og umræður góðar. Mér finnst ég skynja samtakakraft og baráttuhug í bændum og að mínu mati ljóst að forráðafólk þessara mikilvægu hagsmunasamtaka atvinnugreinarinnar eru á réttri leið í þeirri hagsmunagæslu sem þeim ber að sinna og skiptir það okkar samfélag í Dölum miklu að svo sé. Ég fékk þann heiður að stýra þessum fundi á þriðjudagskvöldið og var það bæði fróðlegt og skemmtilegt fyrir mig sem leikmann í þeim fræðum og áherslum sem um ræðir.



Vel heppnaður haustfagnaður sauðfjárbænda í Dölum var haldinn í lok október, er það góð og skemmtileg hefð og var gaman að sjá góða mætingu í reiðhöllina í Búðardal á laugardeginum þar sem m.a. Íslandsmeistaramótið í rúningi fór fram auk margs annars.

Samtal okkar við barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands þar sem sveitarfélagið Skagafjörður er í lykilstöðu er enn í gangi, nú bíðum eftir niðurstöðu sameiningakosninga varðandi það hvernig og hvort samkomulagið raungerist okkar á milli.



HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR MÖGULEGA SAMEININGU
DALABYGGÐAR OG HÚNAÞINGS VESTRA?

WWW.DALHUN.IS

- Vel var mætt á íbúafund vegna sameiningar sem haldinn var þann 14. október sl. í Búðardal, um 100 manns voru mættir í Dalabúð þegar flest var og umræður góðar. Daginn eftir var sambærilegur fundur haldinn á Hvammstanga.
- Kosning um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra mun standa dagana 28. nóvember til og með 13. desember nk. Samstarfsnefndin hefur haldið íbúafundi beggja vegna líkt og fram kom hér að ofan og nú hefur verið boðað til tveggja íbúafunda í viðbót sem haldnir verða í næstu viku, sá fyrri í þessari umferð verður í Dalabúð þann 17. nóvember kl. 17:00 og sá seinni verður haldinn í Félagsheimilinu á Hvammstanga þann 18. nóvember kl. 17:00. Á fundunum verður kynnt tillaga samstarfsnefndar sveitarfélaganna og leitað eftir sjónarmiðum íbúa sem og brugðist við spurningum og vangaveltum. Kynningunni verður deilt á netinu og verður slóð á fundinn birt á heimasíðum sveitarfélaganna á fundardag. Ég vil eindregið hvetja íbúa til að mæta á fundina og láta sig málefnið varða því afar mikilvægt er að ná sem bestri kosningapátttöku þannig að niðurstaðan endurspegli vilja íbúa, í hvora áttina sem úrslitin verða. Einnig er rétt að minna á heimasíðu verkefnisins, www.dalhun.is

BYÍ Í SVEIT

IR TIL BYGGÐAFESTU Á SAUÐFJÁRRÆKTAR-
BYGGÐAR, STRANDA OG HÚNAÞINGS VESTRA

festu og byggðapróun í dreifbýli

ttir & Björn Bjarnason - Leiðir til byggðafestu
on - Byggðapróun

neistar til framtíðar

rtsson, Erpsstöðum - Virðisauki heima á hlaði

óttir - Hey Iceland

n - Kolefniseiningar

arsson - Hvað dregur ungt fólk í dreifbýli?

Steinudóttir - Urður ullarvinnsla

Sniglarækt

eirsdóttir - Lífræn grænmetisrækt

arðardóttir - Reynslusögur af nýsköpun í landbúnaði



18. nóvember - Dalabyggð

Viðburðir

Þátttaka

SKR

- Þriðjudaginn 18. nóvember verður haldið málþing um leiðir til byggðafestu á sauðfjárræktarsvæðum Dalabyggðar, Stranda og Húnaþings vestra. Málþingið er lokapunktur verkefnis sem Fjórðungssamband Vestfirðinga, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi Vestra (SSNV) hafa unnið að á undanförunum misserum. Á málþinginu verður fjallað um byggðapróun og nýsköpun auk þess sem flutt verða erindi um áhugaverð nýsköpunarverkefni á svæðinu og möguleika til framtíðar. Málþingið verður haldið á Laugum í Sælingsdal og er þátttaka öllum opin og án endurgjalds.



- Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.
- BBÞ – 13/11/2025